

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn 9. desember 2008

Mætt voru: Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir, Pálína Jónsdóttir og Ingvar Þóroddsson.

Erindi frá skólastjóra Glerárskóla

Óskað var eftir að hverfisnefndin tilnefndi einn fulltrúa í skólaráð Glerárskóla. Ákveðið var að Ingvar Þóroddsson yrði fulltrúi hverfisnefndar í skólaráðinu.

Drög að erindisbréfi hverfisnefnda

Umræður voru um drög að erindisbréfi hverfisnefnda sem bárust hverfisnefndinni til umsagnar. Valdimar Pálsson, formaður ætlar að senda inn athugasemdir frá hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis.

Í fyrstu málsgrein draga að erindisbréfi hverfisnefnda kemur fram að hverfisnefndir skuli kosnar af íbúum hverfanna og bera ábyrgð gagnvart þeim. Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis finnst að þarna sé gengið ansi langt og eðlilegra væri að segja að hverfisnefndir skuli vera málsvari eða tengiliður íbúanna.

Rætt var um að áður fyrr hefðu bæjaryfirvöld aflað umsagna um skipulagsmál hjá hverfisnefndum, þ.e. skipulagsmál varðandi þeirra hverfi. Telja mætti eðlilegt að nefndunum yrðu sendar upplýsingar um málefni sem varða þeirra hverfi, þannig að öruggt sé að það fari ekki framhjá hverfisnefndunum.

Nefndarmönnum finnst að gera ætti ráð fyrir að starfsmaður Akureyrarbæjar myndi mæta á fund með hverri hverfisnefnd a.m.k. einu sinni á ári, til að efla tengsl bæjarins við nefndirnar.

Formaðurinn greindi frá að hann hefði mætt á fund með öðrum hverfisnefndaformönnum. Þar var rætt um að í erindisbréfinu yrði bætt við að hámarksseta í hverfisnefnd yrði 4 ár. Einnig að það væri fastur fundartími með fulltrúum Akureyrarbæjar.

Ritað 9. desember 2008

HA